

Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar 2006?*

Hjá Vegagerðinni fengust eftirfarandi upplýsingar:

Fastir starfsmenn	Höfuðborgarsvæði	Suður-land	Vestur-land	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austur-land	Samtals
31.12.2006	112	26	34	37	33	45	33	320
31.12.2005	116	29	35	36	35	42	35	328

Umferðarstofa stofnaði ekki til starfa á landsbyggðinni 2006.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur enga fasta starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins.

Hjá Ferðamálastofu og Siglingastofnun Íslands hefur ekki verið stofnað til nýrra starfa á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaáætlunar.

Hjá Flugmálastjórn hefur fjölgað um eitt starf á Egilsstaðaflugvelli.

2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Eins og undanfarin ár mun ráðuneytið halda áfram að kanna með skipulegum hætti kosti þess að koma á fót eða flytja verkefni/störf á sviði ráðuneytisins út á landsbyggðina með það fyrir augum að efla starfsemi þar. Í samningum um árangurstjórnun sem ráðuneytið hefur gert við stofnanir er mælt til þess að þær leiti leiða til að flytja verkefni út á landsbyggðina, þar sem því verður við komið.